

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Kjóabyggð, frístundabyggð í landi Borgaráss og Efra-Sels.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Kjóabrautar 7-12 innan frístundabyggðar í Kjóabyggð. Í breytingunni felst breyting á afmörkunum Kjóabrautar 7, 9, 11, 8, 10 og 12 auk þess sem lóð Kjóabrautar 12 stækkar.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. janúar 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. mars 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 3. apríl 2024